

# Minnisblað starfsmanna

Móttakandi: Byggðarráð.

Varðandi: Borgarbyggð.

Dags: 21 janúar 2020.

Málefni: Fundargerð frá fundi byggingarnefndar GB.

Afrit: Skjalastjóri.

Fundarstaður: Litli salur í ráðhúsi Borgarbyggðar.

Fundartími: 8:15 til 9:00.

Fundarmenn: PPS, DS, BM, AMH, KFK .

Fundarefni: Verkstaða framkvæmda.

1. BM fór yfir verkstöðu framkvæmda og lagði fram kostnaðaryfirlit. Verkið gengur vel og allt útlit fyrir að áætlanir munu standast. Á næsta verkfundi mun BM koma með nánari niðurstöður um hvernig verkið stendur þ.e. hvort verkið sé á áætlun bæði tíma og fjárhagslega.
2. Rætt um að kostnaður innréttinga stefnir í að verða lægri en í tilboði. Ástæða þess er að farið var í það á sýnum tíma að endurskoða allar innréttingar með sparnað í huga og er það að skila sér.
3. Rætt um skemmdir í gólfdukk aðallega gula dúknum. BM boðaði hönnuð verksins á verkstað til að skoða dúkinn hvort um galla sé að ræða.
4. Rætt um göngustíg vestanmegin við skólann. BM beðin um að koma með tillögur að lausn og kostnaðarmeta.
5. Rætt um innkaup á tækjum í lóð. Mælt til að hafa sameiginleg innkaup á tækjum með GBF Kleppjárnsreykjum.
6. Næsti fundur nefndar verði 11 febrúar kl 8:15 í Ráðhúsi Borgarbyggðar.

Fundargerð ritaði

Kristján Finnur Kristjánsson.